# Aðalfundur

Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps
var haldinn að Hótel Esju sunnudaginn
23.6.1985 og hófst hann kl. 14^15.
Formaður félagsins, Þorvarður Jónsson, setti
fundinn. Fundarstjóri var kosinn Gunnar
Friðriksson og fundarritari Kristinn Gíslason.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Skýrsla stjórnar.
Þorvarður Jónsson flutti skýrslu stjórnar-
innar. Hann rakti í stuttu máli nokkra
drætti úr starfi félagsins, m. a. las hann
upp fundargerð síðasta aðalfundar 7.5.1983.
Síðan rakti hann samskipti stjórnarinnar og Náttúru-
verndarráðs m. a. vegna breytinga ~~um~~ á
auglýsingu um friðland á Hornströndum.
Á kjörtímabili stjórnarinnar frá 7.5.1983 voru
haldnir 6 formlegir stjórnarfundir þar sem
fjallað var um þessi efni og önnur er snertu
málefni félagsins.

2. Reikningar félagsins.
Gjaldkeri félagsins, Magnús Guðmundsson,
lagði fram reikninga þess fyrir tímabilið

1.1.1983 til 31.12.1984 og skýrði þá fyrir fundar-
mönnunum. Tekjuafgangur á tímabilinu var
kr. 36.099,71. Skuldlaus eign í árslok 1984
var 36.539,06. Reikningarnir höfðu verið áritað-
ir af endurskoðendum félagsins.
Að lokinni skýrslu gjaldkera gaf fundarstjóri
orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga
félagsins. Baldur Jónsson gerði athugasemd
við ákvæði um bann við notkun skotvopna
í friðlandinu. Hallvarður Guðlaugsson var
á öndverðu máli um það efni. Hann
brýndi fyrir félagsmönnum og stjórn félagsins
að standa dyggan vörð um lífríki svæðisins.
Helga Ólafsdóttir spurði um rétt leigulíða
til að reisa sumarhús á leigulandi sínu.
Þorvarður Jónsson svaraði fyrirspurninni.
Að loknum umræðum voru reikningar félags-
ins bornir undir atkvæði fundar~~stjóra~~-
manna og samþykktir samhljóða.

3. Stjórnarkjör.
Fráfarandi stjórn var öll endurkjörin og
hana skipa: Þorvarður Jónsson, formaður, og
aðrir stjórnarmenn þeir Magnús Guðmundsson,
Hans Hilaríusson, Arnór Stígsson og Magnús
Reynir Guðmundsson.

Varastjórn var einnig endurkosin þannig skipuð: Ásgeir Jónsson, Guðmundur Halldórsson og Þórður Júlíusson.

4. Endurskoðendur ~~af~~ reikninga félagsins voru endurkosnir þeir Kristinn Gíslason og Kristján Jónasson.

5. Ákvörðun félagsgjalds. Tillaga kom fram frá stjórn félagsins þess efnis að félagsgjald yrði kr. 700,oo fyrir, sjö hundruð krónur, fyrir bæði árin 1985 og 1986 og innheimt í einu lagi fyrir bæði árin saman.
Samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál.
Helgi Vigfússon vakti máls á því að bókin Sléttuhreppur-Aðalvíkursveit yrði gefin út að nýju og endurskoðuð. Benti hann á Bjarna Vilhjálmsson sem álitlegan mann til að vinna það verk. Í umræðum kom fram að þetta mál er í athugun hjá Átthagafélagi Sléttuhrepps.
Hallvarður Guðlaugsson ræddi frekar um verndun lífríkisins á Hornströndum. Hreyfði ~~hann~~ hann þeirri hugmynd að Landeigendafélagið

fengi rétt til að senda áheyrnarfulltrúa á hreppsnefndarfundi Snæfjallahrepps og jafnvel sýslunefndarfundi Ísafjarðarsýslu.
Hans Hilaríusson og Magnús Guðmundsson töldu slíkt ekki ráðlegt vegna þess m. a. að ráðamenn Snæfjallahrepps sækjast eftir að innlima Sléttuhrepp í sitt yfirráðasvæði eins og þegar hefur verið gert við Grunnavíkurhrepp. Þorvarður Jónsson upplýsti að Náttúruverndarráð væri andvígt því að Sléttuhreppur yrði sameinaður Snæfjallahreppi. Hans Hilaríusson upplýsti að Landhelgisgæslunni bæri að aðstoða við að halda uppi lögum og reglu í friðlandinu.
Nokkrir fundarmenn vöktu máls á því að aðbúnaður á Fagranesinu í ferðum norður í Sléttuhrepp væri oft og tíðum óboðlegur og öryggisbúnaði ábótavant. Þessu máli var vísað til stjórnarinnar.
Fundarstjóri þakkaði stjórninni fyrir ágætt starf og óskað henni velfarnaðar í starfi. Þorvarður Jónsson þakkaði góða fundarsókn og fundarsetu.

Fleira var ekki gert, fundargerð lesin upp og samþykkt, fundi slitið um kl. 17.

Gunnar Friðriksson Kristinn Gíslason